



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Miðvikudaginn 20. mars 2019 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 17.00. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Steindór R. Haraldsson, Þröstur Líndal, Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri og Bragi Þór Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa

Bragi Þór gerði grein fyrir þeim erindum sem afgreidd hafa verið eða voru til úrvinnslu hjá honum sem byggingafulltrúa árið 2018.

2. Hafnarframkvæmdir

Fyrir fundinum lágu afrit verkfundagerða með Norðurtaki ehf. og Vegagerðinni þar sem framgangur og staða verksins er rakin. Fundargerðirnar voru til kynningar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu þáttum í framkvæmdinni og kom m.a. fram að verktakinn Norðurtak ehf. hafi formlega sagt sig frá verkinu í febrúar 2019. Verklök voru áætluð 1. nóvember 2018, í samræmi við samning aðila. Lokið hefur verið við rúmlega helming dýpkunar skv. mælingum. Nefndarmenn ræddu framhald verksins og fór sveitarstjóri yfir næstu verkþætti í tengslum við að koma verkinu af stað á að nýju.

3. Endurskoðun aðalskipulags Skagastrandar

Á fundi sveitarstjórnar þann 30. janúar 2019 var matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagastrandar, dagsett. 11. október 2018, vísað til umfjöllunar og afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar.

Skipulags- og matslýsing er lýsing á því hvernig uppfært aðalskipulag sveitarfélagsins verður, og er það sett fram í samræmi við skipulagslög nr.123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Hafnar- og skipulagsnefnd tók lýsinguna til umfjöllunar og óskaði eftir fresti til þess að gera breytingartillögur sem hægt væri að leggja fyrir sveitarstjórn. Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki matslýsinguna til auglýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að teknu tilliti til breytingatillaga nefndarinnar.

4. Gjaldskrá hafnar 2019

Fyrir fundinum lá gjaldskrá hafnarinnar 2019 sem hafði áður hlotið samþykki sveitarstjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar.

5. Önnur mál.

- a. Lögð var fram tillaga varðandi það að farið yrði í hugmyndavinnu í tengslum við aukna nýtingarmöguleika hafnarinnar og hafnartengda starfsemi. Umræður urðu um málið.



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45

Adolf H. Berndsen,	Jóhann Sigurjónsson,
Péturína L. Jakobsdóttir,	Steindór R. Haraldsson,
Pröstur Líndal,	Alexandra Jóhannesdóttir

Bragi Þór Haraldsson